

Samþykktir fyrir Brynju leigufélag ses.

1. gr. Nafn og heimili

Félagið heitir Brynja leigufélag ses. Heimili og aðalstarfsstöð félagsins er í Hátúni 10c, 105 Reykjavík. Félagið er sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur.

2. gr. Tilgangur

Tilgangur Brynju leigufélags ses. er að kaupa, eiga og reka íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja. Húsnæði þetta leitast félagið við að leigja gegn eins hóflegu gjaldi og kostur er. Félagið má ekki leigja húsnæðið öðrum en öryrkjum og stofnunum sem veita öryrkjum þjónustu nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

3. gr. Stofnendur og stofnfé

Brynja leigufélag ses., sem upphaflega hét Hússjóður Öryrkjabandalagsins, var stofnað 1. nóvember 1966 af Öryrkjabandalagi Íslands og sex aðildarfélögum þess: Blindravinafélagi Íslands, Geðverndarfélagi Íslands, Sambandi íslenskra berklasjúklinga, Sjálfsbjörg landssambandi fatlaðra, Styrktarfélagi vangefinna og Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra. Lögðu þessir aðilar fram óafturkræft stofnfé samtals að fjárhæð 100.000 kr.

Félagið ber eitt ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum sem það kann að eignast síðar. Stofnendur njóta engra sérréttinda í félaginu.

4. gr. Tekjur

Tekjur félagsins eru leigutekjur, húsfélagsgjaldatekjur, fjármagnstekjur og framlög sem félaginu berast.

5. gr. Fulltrúaráð

Fulltrúaráð félagsins skal skipað 25 fulltrúum. Stjórn ÖBÍ réttindasamtaka skipar 19 fulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga skipar tvo fulltrúa, ráðherra sem fer með málefni fatlaðs fólks skipar einn fulltrúa og ráðherra sem fer með húsnæðismál skipar einn fulltrúa. Þá skipar málefnaþópur ÖBÍ

réttindasamtaka um húsnæðismál tvo fulltrúa sem skulu vera leigjendur hjá Brynju leigufélagi ses. Ef málefnaþingur ÖBÍ réttindasamtaka um húsnæðismál er ekki starfandi skipar stjórn ÖBÍ réttindasamtaka þessa tvo fulltrúa.

Skipunartími fulltrúa skal vera tvö ár og miðast við haustfund fulltrúaráðs sem haldinn er fyrir lok nóvember ár hvert. Þeim aðilum sem skipa fulltrúa er heimilt að skipta um fulltrúa sína hvenær sem er á skipunartímanum. Samfelldur skipunartími einstakra fulltrúa skal vera að hámarki átta ár.

Formaður ÖBÍ réttindasamtaka er formaður fulltrúaráðsins, stýrir fundum og skipuleggur starfsemi þess í samstarfi við stjórnarformann Brynju leigufélags ses.

6. gr. Hlutverk fulltrúaráðs

Fulltrúaráðsfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins samkvæmt því sem lög og samþykktir þessar ákveða. Hlutverk fulltrúaráðsins er einkum að:

- a) Vera tengiliður á milli stjórnar og þeirra aðila sem skipa í fulltrúaráð félagsins
- b) Fylgjast með rekstri félagsins og samþykkja ársreikninga
- c) Skipa stjórnarmenn og endurskoðanda og hafa eftirlit með störfum þeirra
- d) Ákveða þóknun stjórnar og fulltrúaráðs
- e) Viðhalda samþykktum félagsins og setja nauðsynlegar reglur um starfsemi þess

Við val á stjórnarmönnum skal fulltrúaráð hafa eftirfarandi þætti til viðmiðunar:

- a) Stjórnin skal hafa nægilega breidd hvað varðar þekkingu, reynslu og bakgrunn út frá stefnu, þörfum og starfsemi félagsins og tryggja skal að kynjahlutföll séu sem jöfnust
- b) Meta þarf hæfi einstakra stjórnarmanna til að rækja hlutverk sitt
- c) Stjórnarmenn skulu vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess

Stjórn Brynju leigufélags ses. skal annast um og fylgja eftir að samþykktum félagsins sé framfylgt.

7. gr. Fundir fulltrúaráðs

Fastir fundir fulltrúaráðs skulu vera tveir á ári. Aðalfundur skal haldinn fyrir lok maí og skal haustfundur haldinn fyrir lok nóvember.

Aukafundur skal halda innan tíu daga að kröfu meirihluta fulltrúaráðs, meirihluta stjórnar, framkvæmdastjóra eða endurskoðanda.

Formaður fulltrúaráðs annast boðun fulltrúaráðsfunda með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarboð skal sent öllum fulltrúaráðsmönnum í formi tölvupósts eða með öðrum sannanlegum hætti og skal dagskrár getið í fundarboði.

Fundur fulltrúaráðsins er lögmætur ef boðað hefur verið til hans með lögmætum hætti og meira en helmingur fulltrúaráðsmanna er viðstaddur.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála á fulltrúaráðsfundum, nema lög eða samþykktir þessar kveði á um annað. Atkvæði formanns fulltrúaráðs ræður úrslitum falli atkvæði jöfn.

Hver fulltrúi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fulltrúaráðsfundi ef hann gerir skriflega kröfu um það til formanns fulltrúaráðs með sjö daga fyrirvara fyrir fulltrúaráðsfund.

Þrír fastafulltrúar úr framkvæmdaráði ÖBÍ réttindasamtaka skipa valnefnd sem starfar á vegum fulltrúaráðs og aðstoðar við val á stjórnarmönnum í Brynju leigufélagi ses. Formaður fulltrúaráðs er jafnframt formaður valnefndar.

Fulltrúaráðið setur sér starfsreglur.

8. gr. Aðalfundur fulltrúaráðs

Fastir dagskrárliðir aðalfundar skulu jafnan vera:

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins á liðnu starfsári
2. Endurskoðaður ársreikningur liðins starfsárs kynntur og lagður fram til samþykktar
3. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins
4. Kosning stjórnar
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og fulltrúaráðs
6. Kosning endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins, löglega upp bornar skv. 16. gr.
8. Önnur mál

9. gr. Haustfundur fulltrúaráðs

Fastir dagskrárliðir haustfundar skulu jafnan vera:

1. Kynning á starfsemi félagsins og áhersluverkefni til næstu ára
2. Yfirlit um rekstur liðandi árs og rekstrar- og fjárfestingaráætlanir næstu ára
3. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins, löglega upp bornar skv. 15. gr.
4. Önnur mál

10. gr. Stjórn

Stjórn Brynju leigufélags ses. skal skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara. Skal einn stjórnarmaður vera formaður stjórnar og annar varaformaður og skulu þeir skipaðir sérstaklega af fulltrúaráði. Aðrir stjórnarmenn eru meðstjórnendur. Um hæfisskilyrði stjórnarmanna vísast til 15. gr. laga nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Stjórnarmenn skulu skipaðir til eins árs í senn en heimilt er fulltrúaráði að afturkalla skipun stjórnarmanns, eins eða fleiri, hvenær sem er innan stjórnartíma og skipa annan stjórnarmann í hans stað. Sé stjórnarmaður skipaður með þessum hætti skal skipunartími hans standa til loka yfirstandandi stjórnartíma þess stjórnarmanns sem gekk úr stjórn. Samfelldur skipunartími stjórnarmanns skal að hámarki vera átta ár. Stjórnarmanni er heimilt að segja sig úr stjórn á skipunartíma hans. Tveir varamenn eru kosnir árlega, til eins árs í senn.

Stjórnartími stjórnar hefst á aðalfundi og stendur til næsta aðalfundar.

Stjórn skal sjá til þess að skipulag og starfsemi félagsins sé í réttu og góðu horfi. Undirskrift þriggja stjórnarmanna bindur félagið gagnvart þriðja aðila.

Stjórn setur sér starfsreglur.

11. gr. Fundir stjórnar

Framkvæmdastjóri annast boðun stjórnarfunda í samráði við stjórnarformann. Boðað skal til stjórnarfunda með tölvupósti eða öðrum sannanlegum hætti með minnst fimm daga fyrirvara. Forfallist aðalmaður skal hann tilkynna það stjórnarformanni og framkvæmdastjóra þegar í stað og skal varamaður þá boðaður í hans stað. Heimilt er að boða varamann með skemmri fyrirvara en fimm daga. Sé framkvæmdastjóri ekki starfandi eða hafi forföll skal formaður fulltrúaráðs annast boðun fyrsta stjórnarfundar nýskipaðrar stjórnar.

Á fyrsta fundi nýskipaðrar stjórnar skal stjórn samþykkja starfsreglur þar sem kveðið skal á um boðun stjórnarfunda og störf stjórnar að öðru leyti.

Stjórnarfundur er lögmætur ef boðað hefur verið til hans með lögmætum hætti og meira en helmingur stjórnarmanna er viðstaddur.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála á stjórnarfundum, nema lög eða samþykktir þessar kveði á um annað. Atkvæði stjórnarformanns ræður úrslitum falli atkvæði jöfn.

12. gr. Framkvæmdastjóri

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsfólks. Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundum og hefur þar málfrlsi og tillögurétt. Honum ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum þær upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska eftir. Um hæfisskilyrði framkvæmdastjóra vísast til 15. gr. laga nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

13. gr. Hagsmunaárekstrar

Stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í meðferð máls er varðar samninga milli þeirra og félagsins eða samninga við þriðja aðila þar sem þeir hafa verulega persónulega eða fjárhagslega hagsmuni sem kunna að stangast á við hagsmuni félagsins. Þeim ber að upplýsa stjórn um slíka hagsmuni án tafar.

Óheimilt er að veita stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, endurskoðanda eða öðrum sem fara með stjórnunarstörf hærra endurgjald fyrir störf hjá félaginu en venjulegt er eftir eðli og umfangi starfanna eða veita slíkum aðilum lán eða setja fyrir þá tryggingar.

14. gr. Ársreikningur og endurskoðun

Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið. Stjórn félagsins skal sjá til þess að gerður sé ársreikningur í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn skal endurskoðaður af löggiltum

endurskoðanda, samþykktur af stjórn og lagður fyrir aðalfund fulltrúaráðs félagsins fyrir lok maí ár hvert.

15. gr. Hagnaður og tap

Hagnaði sem verður af starfsemi félagsins skal varið til verkefna í samræmi við 2. gr. samþykktu þessara. Þó er stjórn heimilt að leggja til hliðar sanngjarna fjárhæð til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur félagsins. Hugsanlegt tap af starfsemi félagsins verður annaðhvort greitt úr sjóðum þess eða fært á næsta reikningsár.

16. gr. Breytingar á samþykktum

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema með samþykki fjögurra stjórnarmanna og samþykki 2/3 hluta fulltrúa á löglegum fulltrúaráðsfundi.

17. gr. Slit

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Komi til þess að félagið verði lagt niður skal hrein eign þess renna til sambærilegra verkefna og tilgreind eru í 2. gr., eftir nánari ákvörðun stjórnar.

18. gr. Staðfesting

Um þau atriði sem ákvæði samþykktu þessara ná ekki til skal hlíta ákvæðum laga nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Samþykktir þær sem samþykktir þessar byggjast á og tóku gildi þann 13. júní 2022 komu í stað staðfestrar skipulagsskrár sem staðfest var af sýslumanninum á Norðurlandi vestra 2. júní 2017 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 26. júní 2017.

Ákvæði til bráðabirgða

Vegna breytinga á stjórnartíma stjórnar frá því að taka gildi um áramót í það að taka gildi á aðalfundi mun núverandi stjórn Brynju leigufélags ses. sitja til aðalfundar félagsins árið 2026. Kosning tveggja varamanna til eins árs fer einnig fram á aðalfundi 2026.

Samþykkt af stjórn Brynju leigufélags ses. og af haustfundi fulltrúaráðs félagsins í nóvember 2025.

Samþykkt rafrænt af stjórn Brynju leigufélags ses. þann 26. nóvember 2025

Halldór Sævar Guðbergsson, stjórnarformaður
Halldóra Alexandersdóttir, varaformaður
Aðalsteinn Lúther Leifsson, stjórnarmaður
Höskuldur Eiríksson, stjórnarmaður
Lilja Dögg Jónsdóttir Donovan, stjórnarmaður

Samþykkt rafrænt af haustfundi fulltrúaráðs Brynju leigufélags ses. þann 26. nóvember 2025

F.h. fulltrúaráðs Brynju leigufélags ses.

Alma Ýr Ingólfssdóttir, formaður

Undirritunarsíða

Alma Ýr Ingólfssdóttir

Halldór Sævar Guðbergsson

Halldóra Alexandersdóttir

Aðalsteinn Lúther Leifsson

Höskuldur Eiríksson

Lilja Dögg Jónsdóttir Donovan